

## Fyrirspurn

til fjármála- og efnahagsráðherra um þróun vaxtakostnaðar húsnæðislána.

Frá Lúðvík Geirssyni.

1. Hver er vaxtakostnaður íslenskra heimila af húsnæðislánnum sl. 5 ár, sundurliðað fyrir hvert ár á föstu verðlagi?
2. Hvað er áætlað að vaxtakostnaðurinn verði á árinu 2012?
3. Hversu stór hluti vaxtakostnaðarins hefur verið endurgreiddur árlega sl. 5 ár? Fram komi í svarinu bæði heildarfjárhæð og hlutfall af heildarvaxtagjöldum húsnæðislána.

**Skriflegt svar óskast.**